

góður og heðarlegur piltur, hvíslaði einhverju í eyra Otehewa, sem enginn annar mátti heyra. Hún roðnaði og vísaði honum til húsmóður sinnar. Marja brosti þegar hann bar upp erindið og vísaði honum til mannsins síns. Páll brosti einnig, en hann tók erindinu vel, og Villi og Otehewa attust; og hafi þeim nokkurn tíma komið það til hugar að vera hrætt hverju um annað, þá var það Villi, sem var hræddur um að Otehewa elskaði Marju meira en sig.

Mason vissi ekki um það fyr en eftir að hann var giftur, hvað mikinn auð Otehewa gaf honum með sér. Hann rak í rogastanz þegar hann heyrði, að hann hefði eignast yfir hundrað þúsund pund sterling með hinni göfuglyndu konu sinni. En það var verðið, sem sir Stefán útvegaði fyrir gimsteina hennar. Gimsteinar Marju og P·ls voru einnig soldir fyrir tiltölulega sama verð, eða helmingi meira.

Viðíkjandi Otehewa má geta þess, að auður hennar var lykill, er opnaði henni aðgang að samkvæmisliði aðalsins á Englandi. Og hins dökkva yfirlits hennar gætti ekki, jafnvel þar, sem hinir miklu kvenkostir hennar ekki voru kunnir.

Sumarið gekk um garð og haustið kom þegar blómin fölna og næðingarnir koma í stað sumarblíðunnar. En á heimilum vina vorra komu engin kuldaský og engir næðingar. Þar ríkti fríður og ánægja í allra sálum, sem höfðu lært í gegnum svo mikil mótlæti ag stríð að meta handleiðslu guðs og bakka honum.

*Arnþjotur B. Olson [ENDIR].*